





CLP tilkynningar





Mikilvæg atriði

- Nýjar merkingar teknar upp í áföngum
- Sams konar merkingar um allan heim
- Breytingar á efnalistum
- Ábyrgð með hættuflokkun efna færast frá yfirvöldum til atvinnulífsins
- Flokkunar- og merkingaupplýsingum komið á framfæri til Efnastofnunar Evrópu



Breytingar á næstunni

- Flokkun efna á markaði skal lokið fyrir 1.12.2010
- Tilkynna um nýja flokkun til ECHA innan 30 daga - sem er 3.1.2011 fyrir efni á markaði
- Uppfærsla á öryggisblöðum
- Nýjar merkingar á hreinum efnum frá og með 1.12.2010 og á blöndum í síðasta lagi 1.6.2015
- Tveggja ára aðlögunarfrestur fyrir vörur sem fóru á markað fyrir 1.12.2010 (og 1.6.2015).



Hættuflokkar

- 28 hættuflokkar (*hazard class*) eftir eðli hættu
 - 16 flokkar varða eðliseiginleika (í stað 5),
 - 10 flokkar varða heilsuhættu,
 - 2 flokkar varða umhverfishættu
 - geta greinst frekar eftir íkomuleið (*differentiation*)
 - undirflokkar (*categories*) sýna stigskiptingu hættunnar



Hættumerking

Merking samanstendur af:

- hættutákni (*hazard pictogram*)
- viðvörðunarrorði (*danger/warning, hætta/varúð*)
- hættusetningum (*hazard statements*)
- varnaðarsetningum (*precautionary statements*)

Enginn texti fylgir hættutákni nema viðvörðunarrorð.






Hættu- og varnaðarsetningar


- Hættusetningar verða með svipuðu sniði og verið hefur.
- Varnaðarsetningar skiptast í almennar, forvarna-, viðbragða-, geymslu- og förgunarsetningar.
- Varnaðarsetningum fjölgar úr 50 í 110. Meiri sérhæfing og meira val.




Ný hættutákn



Ný hættutákn



eða



eða



eða





Tilkynningar

- Af hverju á að tilkynna?
- Hvað á að tilkynna?
- Hver á að tilkynna?
- Hvernig á að tilkynna?





Tilkynningar

- Tilkynning í flokkunar- og merkingaskrá (C&L inventory)
 - Hættuleg efni
 - Hættuleg efni í blöndum sem stuðla að hættuflokkun blöndunnar
 - Skráningarskyld efni (REACH)





Tilkynningar

- Hvaða efni eru hættuleg?
 - Efni á lista yfir hættuleg efni eða
 - efni sem hafa eiginleika sem lýst er í I. viðauka
- Hvaða innihaldsefni í blöndum eru hættuleg?
 1. Flokkast blandan sem hættuleg?
 2. Er styrkur innihaldsefna yfir þröskuldsgildi?





Flokkunar- og merkingaskrá

- Flokkunar- og merkingaskrá sem byggir á tilkynntri og samræmdri flokkun og merkingu efna.
- Verður birt um mitt næsta ár.
- Með að færa ábyrgð með flokkun yfir á atvinnulífið þarf nýja leið til að koma henni á framfæri.
- Enginn undanskilinn, ekkert lágmark.
- Leiðbeiningar ECHA um tilkynningu (sjá www.ust.is)



Hverjir eiga að tilkynna?

- Framleiðendur efna
- Innflytjendur efna frá löndum utan EES,
- Framleiðendur efnablandna sem flytja inn hráefni frá löndum utan EES,
- Innflytjendur efnablandna frá löndum utan EES.

Innflutningur (frá löndum utan EES) telst vera markaðssetning.





Hvenær á ekki að tilkynna?

- Innflutningur á sér aðeins stað frá löndum innan EES.
- Framleiðsla á efnablöndum ef hráefnin koma frá birgjum innan EES.
- Framleiðsla efna sem fara ekki á markað og eru aðeins notuð áfram í eigin framleiðslu.
- Sala og dreifing efna á innanlandsmarkaði eða til útflutnings.
- Snyrtivörur og efni utan gildissviðs (1. grein)



Flokkun efna

- Flokka og merkja skal öll hættuleg efni og efnablöndur á markaði (4. gr.)
- Tilkynna skal nýja flokkun og merkingu efna til ECHA (40. gr.)
- Hvernig á að flokka?
 - A. Flokkun allra efna úr fylgiskjali 1 (r. 236/1990) hefur verið „þýdd“ og birt í töflu 3.1 í VI. viðauka.
 - B. Ef efni (eða blanda) er flokkað en ekki í töflu 3.1 má endurflokka með aðstoð töflu í VII. viðauka.
 - C. Ef efni er óflokkað þarf að finna upplýsingar um eiginleika efnis og nota flokkunarforsendur í I. viðauka.



Flokkun efna

- Leið A.
- Nota skal uppfærðan lista 3.1 á ust.is frekar en listann í reglugerðinni.
- Skv. fyrirmælum ECHA skal nota lista 3.1 við flokkun skv. CLP (þegar þess er kostur).
- Listinn er ekki algildur og það getur þurft að breyta því sem ekki var hægt að færa yfir beint (*dæmi*).



Dæmi: Efni í töflu 3.1

Skrárnúmer	efnaheiti	EB-númer	CAS númer	Hættuflokkar	H-setningar	H-merki og viðvörðunar-orð	Styrkleikamörk
605-001-00-5	formaldehyde ...%	200-001-8	50-00-0	Carc. 2 Acute Tox. 3 * Acute Tox. 3 * Acute Tox. 3 * Skin Corr. 1B Skin Sens. 1	H351 H331 H311 H301 H314 H317	GHS06 GHS08 GHS05 Dgr	Skin Corr. 1B; H314: C ≥ 25 % Skin Irrit. 2; H315: 5 % ≤ C < 25 % Eye Irrit. 2; H319: 5 % ≤ C < 25 % STOT SE 3; H335: C ≥ 5 % Skin Sens. 1; H317: C ≥ 0,2 %



Flokkun:

carc. 2 – veldur hugsanlega krabbameini. Samræmd flokkun.

skin corr. 1B – veldur alvarlegum bruna á húð. Breytist ekki.

skin sens. 1 – getur framkallað ofnæmisviðbrögð. Breytist ekki.



Dæmi - framhald

acute tox. 3* - eitrað við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð

*þýðir lágmarksflokkun. Þá er flett upp LD₅₀ og LC₅₀ eins og útskýrt er í kafla 3.1 í I. viðauka.

LD₅₀ inntaka = 42 mg/kg bw (fyrir mús), LD₅₀ um húð = 270 mg/kg bw (fyrir kanínu), LC₅₀ innöndun = 250-480 ppm (fyrir rottu).

Skv. töflu 3.1.1. í I. viðauka þá leiða þessar tölur til eftirfarandi flokkunar:

acute tox. 2 (inntaka),

acute tox. 3 (húð),

acute tox. 2 (innöndun).



Flokkun efna

- Leið B.
- Í VII. viðauka er tafla þar sem þýða má gömlu flokkunina yfir í CLP.
- Á sérstaklega við um efni sem hafa verið flokkuð af framleiðanda til bráðabirgða.
- Á þó aðeins við ef gögn um hættueiginleika reynast vera óaðgengilegir.



Dæmi

Uppbottavélaefni inniheldur skv. upplýsingum í 3. lið í öryggisblaði 1-5% af efni 1: natríumalkýlbensensúlfónati (CAS nr. 68411-30-3) og 1-5% af efni 2: alkýletersúlfati (CAS nr. 68891-38-3).

- i) Flokkun efnis 1 er ekki til á lista en framleiðandi gefur upp sem Xi; 38-41. Skv. töflu í viðauka VII* er CLP flokkunin „ertir húð – 2“ og „skaðlegt augum – 1“. Flokkunarviðmið fyrir þetta efni er 1% skv. töflu.**

Flokkun efnis 2 er heldur ekki til á lista en framleiðandi gefur upp sem Xi; 36/38. Skv. töflu í viðauka VII* er CLP flokkunin „ertir húð – 2“ og „ertir augu – 2“. Flokkunarviðmið fyrir þetta efni er 1% skv. töflu.**





Dæmi - framhald

- ii) Við flokkun blöndunnar sjálfrar skal miða við hærri töluna í uppgefnum styrk sem er 5% fyrir bæði efnin. Nota skal töflur í liðum 3.2 og 3.3 í viðauka I til að leiða út flokkun blöndunnar hafi það ekki verið gert með tilraunum eða með því að beita brúunarreglu. Í ljós kemur að flokkun blöndu er „ertir húð – 2“ og „skaðlegt augum – 1“.
- iii) Samkvæmt flokkun blöndu og flokkunarviðmiða innihaldsefna stuðla bæði innihaldsefnin að flokkun blöndunnar og eru þar að auki yfir flokkunarviðmiðum.

Hér þarf því að tilkynna bæði efnin í flokkunar- og merkingaskrá.





Flokkun efna

- Leið C.
- Ef efni er óflokkað þarf að finna upplýsingar um eiginleika efnis og nota flokkunarforsendur í I. viðauka.
- Verður ekki útskýrt nánar hér.

